

Sp.

380. Tillaga til þingsályktunar

um kosningu rannsóknarnefndar um atriði varðandi öryggi landsins.

Flm.: Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa fjögurra manna rannsóknarnefnd, einn úr hverjum hinna fjögurra þingflokka, til þess að vera dómsmálaráðherra til aðstoðar við rannsókn á því, hvort erlendir menn eða (og) íslenzkir, er hér dvöldust fyrir styrjöldina eða meðan á henni stóð, hafi gerzt sekir um framferði, er var eða hefði getað orðið hættulegt fyrir hagsmuni íslenzku þjóðarinnar.

Rannsóknarnefndinni er heimilt, í samráði við dómsmálaráðherra, að ráða sér aðstoðarmenn við rannsókn þessa, ef þörf krefur, enda skal henni lokið svo fljótt sem auðið er og niðurstöður hennar þá þegar birtar almenningi.

Greinargerð.

Á fundi í utanríkismálanefnd 10. ágúst s. l. minnti ég ríkisstjórnina og meðnefndarmenn mína á það, að eðlilegt væri og nauðsynlegt, að rannsókn færi fram á því, hvort erlendir menn eða íslenzkir, er hér dvöldu fyrir styrjöldina eða meðan á henni stóð, hefðu brotið af sér gagnvart íslenzku þjóðinni með framferði, sem hefði getað orðið hagsmunum hennar hættulegt.

Ég taldi þessa rannsókn, sem ríkisstjórnin átti að geta framkvæmt án verulegra umsvifa, vera nauðsynlega einkum af tvennum ástæðum. Þess hafði verið farið á leit, að nokkrir Þjóðverjar, sem dvöldust hér fyrir styrjöld og fyrri hluta hennar, en voru fluttir héðan af bandamönnum, fengju að hverfa heim til eiginkvenna sinna og barna. Þegar eftir að þessi ósk var fram komin, var það jafnan viðkvæðið, að flestir þeir Þjóðverjar, sem hér dvöldust, muni hafa starfað hér í þágu þjóðar sinnar og gegn hagsmunum íslenzku þjóðarinnar. Mér varð því ljóst, að á meðan ekki var skorið úr um það með rannsókn, hverjir hinna erlendu manna voru saklausir eða sekir í þessum efnum, yrði haldið áfram að neita öllum um landsvistarleyfi með þessum röksemdum. Rannsókn var því nauðsynleg, til þess að hinir saklausu væru ekki endalaust látnir gjalda hinna seku.

Í annan stað hefur verið alið á dylgjum um það, bæði innanlands og utan, að ýmsir íslenzkir menn hafi fyrir styrjöldina og meðan á henni stóð, starfað í þágu erlendra ríkja, og er þar einkum átt við Þjóðverja. Af mörgum ástæðum er það nauðsynlegt, að þetta atriði verði rannsakað, m. a. fyrir þá sök, að rétt þykir, ef einhverjir Íslendingar eru um það sekir að hafa starfað í þágu Þjóðverja, að nöfn þeirra verði birt, þó að ekki væri til annars en þess, að aðrir landsmenn, en það er að segja þjóðin öll eða næstum öll, sem er saklaus í þessum efnum, þurfi ekki að búa undir dylgjum óhlutvandra manna.

En þrátt fyrir þessa ósk, sem ég bar fram á fundi utanríkismálanefndar, virðist dómsmálaráðherra lítið eða ekkert hafa aðhafzt í máli þessu, og svo virðist sem hann hafi mjög takmarkaðan áhuga fyrir að upplýsa það. Í stað þess að upplýsa málið hefur dómsmálaráðherra komið hér fram á Alþingi með dylgjur í nýju formi og nýrrar tegundar, en það eina, sem hann hefur upplýst á Alþingi, er það, að nú er sannað, eftir því sem dómsmálaráðherra sagði, að fulltrúi Þjóðverja, sem var hér fyrir styrjöld og í byrjun hennar, hafi verið sendur hingað af Þjóðverjum til þess að skipuleggja 5. herdeild á Íslandi. En hverjir þessir fimmtu herdeildarmenn hafi verið, hefur dómsmálaráðherra ekki upplýst.

Það var þegar eðlilegt á þeim tíma, sem ég bar ósk mína fram í utanríkismálanefndinni, að rannsókn yrði hafin um þau atriði, sem að framan greinir. Umtal um sekt manna, bæði erlendra og innlendra, var það almennt, að nauðsyn bar til þess að upplýsa þessi mál eftir föngum og gera hreint borð frammi fyrir þjóðinni. En eftir

að dómsmálaráðherra hefur talað á þann hátt, sem hann hefur gert á Alþingi um þessi mál, er þessi rannsókn, sem áður var eðlileg og nauðsynleg, orðin alveg óumflýjanleg, og það verður heldur ekki hjá því komizt að skipa nefnd manna til að framkvæma rannsókn þessa, til þess að sjá um, að hún verði rækilega framkvæmd og að henni verði hraðað.

Rannsókn þessa hlýtur að vera hægt að framkvæma á stuttum tíma og fá gögn til þess að upplýsa þessi mál tiltölulega fyrirhafnarlítið. Í fyrsta lagi hefur dómsmálaráðherra sagt frá því, að þá er landið var hertekið, hafi enska herstjórnin þegar fundið gögn í vörzlu sendifulltrúa Þjóðverja. Sjálfsgagn er að nota þessi gögn til hins ýtrasta. Í annan stað munu þeir Þjóðverjar, sem hér voru teknir fastir og fluttir utan, allir hafa verið yfirheyrðir, og hefur að sjálfsögðu margt komið fram við þá rannsókn. Í þriðja lagi hefur ýtarleg rannsókn farið fram í Danmörku á þessum málum, og er því sennilegt, að þar liggi fyrir ýmis gögn, sem geta gefið upplýsingar. Í fjórða lagi fer nú fram allsherjar rannsókn á þessum málum suður í Þýzkalandi, og kemur þar fram margt, sem áður var í myrkrunum hulið, m. a. hefur verið skýrt frá því, að í vörzlum nazista hafi fundizt skrá með nöfnum 7 milljóna erlendra manna, er nazistar töldu sig geta treyst.

Ef hugur fylgir máli, virðist vera hægt fyrir okkur að fá að nota þau gögn, sem þannig eru fram komin, til að gera hreint borð bæði gagnvart sjálfum okkur og umheiminum. Þess vegna er lagt til, að nefnd sé skipuð í þessu máli, að enn þá sýnist svo furðulega lítið hafa verið gert í því, þó að alllangt sé liðið síðan stýrjöldinni lauk. Það er enn fremur lagt til, að skipaður sé einn maður úr hverjum hinna fjögurra þingflokka í nefnd þessa, til þess að tryggja eftir föngum, að þess sé gætt, að rannsókn þessi sé framkvæmd með réttlæti og hlutdrægnislaust gagnvart öllum mönnum og öllum flokkum. En með því að hafa rannsóknina í höndum færri manna, sem e. t. v. hafa hin pólitisku sjónarmið og eru þá a. m. k. hvorki heiðarlegri né hlutvandari en gengur og gerist, mælti svo fara, að dylgjunum yrði haldið áfram, þær auknar frá því, sem nú er, og málanýndarannsókn framkvæmd, sem yrði reynt að nota í pólitískum tilgangi. Á þeim vegi virðist málið stalt nú sem stendur. En með því að skipa nefnd þá, sem hér er lagt til, þannig að hún geti hafið óhlutdræga starfsemi, er málinu borgið úr því ófremdarástandi og komið í það horf, sem eitt getur talizt viðunandi og sæmandi fyrir þjóðina.

Að sjálfsögðu ber að hraða rannsókninni og leggja niðurstöður hennar fyrir Alþingi, er síðan tekur ákvarðanir um, hvort frekar skuli aðhafzt í málinu.